




VÖKTUN VERNDARSVÆÐA SUMARIÐ 2022 Á AUSTURLANDI



Margrét Gísladóttir, Guðrún Óskarsdóttir og Halldór Walter Stefánsson

NA-230239
Febrúar 2023

 NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS		
Skýrsla nr: NA-230239	Dags: Febrúar 2023	Dreifing: Opin
Heiti skýrslu (aðal- og undirtitill): Vöktun verndarsvæða sumarið 2022 á Austurlandi		Síðufjöldi: 17
Ljósmyndir á forsíðu: Guðrún Óskarsdóttir og Margrét Gísladóttir		Upplag: aðgengileg á www.na.is
		Fjöldi korta: Kort eru myndir í skýrslu.
		Fjöldi viðauka: 0
Höfundar: Margrét Gísladóttir, Guðrún Óskarsdóttir og Halldór Walter Stefánsson		
Unnið fyrir: Náttúrufræðistofnun Íslands		
<p>Útdráttur: Árið 2022 var haldið áfram með samstarfsverkefni á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) og náttúrustofa landsins sem hófst árið 2020. Undanfarin tvö ár hefur áherslan verið á verndarsvæði og önnur svæði sem eru undir álagi ferðamanna eða svæða sem gætu orðið fyrir auknu álagi ferðamanna á næstunni. Sumrin 2020 og 2021 vann Náttúrustofa Austurlands (NA) ástandsmat á 17 svæðum. Árið 2022 var umfang verkefnisins stækkað og settir saman faghópar til að skilgreina lykilþætti íslenskrar náttúru. Alls voru faghóparnir fimm: vistgerðir á landi, vistgerðir í fjöru, fuglar, spendýr og jarðminjar, skipaðir af starfsfólki náttúrustofa landsins og NÍ.</p> <p>Sumarið 2022 var áhersla á Austurlandi á vöktun gróðurs, fugla og jarðfræði. Alls fóru fram mælingar á 11 gróðursniðum víðsvegar um Austurland. Sex þeirra voru staðsett á Úthéraði, tvö í Álftafirði, tvö á Brúaröræfum og eitt á Vesturöræfum. Öll fuglavöktun fór fram á Úthéraði þar sem mófuglar voru taldir á níu sniðum, vatnafuglar taldir tvisvar yfir sumarið og skúmshreiður heimsótt í tvígang. Fjögur svæði voru heimsótt m.t.t. jarðminja, Klifbrekkufossar, Geitagerðisbjarg, Giljahólar og Gerpissvæðið. Gögnum var skilað í gagnagrunn NÍ og myndum ásamt lýsingu hlaðið upp í gagnagrunn NÍ í gegnum forritið <i>fotoWare</i>.</p> <p>Hér er lýst verkþáttum vöktunar verndarsvæða á Austurlandi sumarið 2022.</p>		
Lykilorð: Lykilþættir íslenskrar náttúru, verndarsvæði, vöktun, gróðursnið, mófuglar, vatnafuglar, skúmur, jarðminjar, steingervingar		ISSN (rafræn útgáfa): 2547-7447
Yfifarið: KÁ		ISBN (rafræn útgáfa): 978-9935-9716-0-9

Efnisyfirlit

Myndaskrá.....	4
Töfluskrá.....	4
1. Inngangur.....	5
2. Verkáætlun	5
3. Vistgerðir á landi.....	6
3.1 Álftafjörður.....	6
3.2 Úthérað	7
3.3 Vesturöræfi, Sauðárrani og Fagridalur	8
4. Fuglar	9
4.1 Mófuglar.....	9
4.2 Vatnafuglar.....	9
4.3 Skúmur	10
5. Jarðminjar	11
5.1 Klifbrekkufossar.....	11
5.2 Gerpissvæðið.....	12
5.3 Giljahólar	13
5.4 Geitagerðisbjarg.....	15
6. Hagamýs	15
7. Þjálfun í greiningu vistgerða	16
8. Framkvæmd og tímaáætlun verkefna	16

Myndaskrá

1. mynd. Gróðursniðin tvö í Álftafirði.....	6
2. mynd. Gróðursnið á Úthéraði.....	7
3. mynd. Gróðursnið á Úthéraði.....	7
4. mynd. Gróðursnið á Úthéraði.....	8
5. mynd. Gróðursnið á Vesturöræfum og í Sauðárrana.	8
6. mynd. T.v. er mynd tekin í Fagradal árið 2004 og t.h. mynd tekin sumarið 2022. Þegar ljósmyndir eru skoðaðar nánar sést að staðsetning sniðsins er ekki sú sama og því ljóst að hnitíð er á röngum stað.	9
7. mynd. Staðsetning skúmshreiðra í Húsey á Úthéraði flokkað eftir fjölda eggja.	11
8. mynd. Mynd tekin frá neðsta fossinum út eftir firðinum. Hér sjást allavega fjórir mismunandi slóðar liggja frá veginum og í átt að fossinum.....	12
9. mynd. T.v. Útsýnissvæðið við neðsta fossinn. T.h. sést glitta í ferðamenn fyrir miðri mynd sem eru að klöngrast upp klettana á röngum stað. Gönguleiðin liggur út með klettunum hægra megin..	12
10. mynd. Fylgst með Austfjarðapokunni nálgast á Mónesi. Á efri mynd t.h. má sjá kolaða trjáboli. Göngustafurinn er 90cm á hæð. Á neðri mynd t.h. má sjá þversnið af koluðum trjábol.....	13
11. mynd. Staðsetning Giljahóla milli Sandá og Garðá. Rauðu punktarnir sýna staðsetningar á námunum tveim.....	14
12. mynd. T.v. akvegur inn í minni námuna sem liggur austar og rafmagnslínur sem liggja yfir hólana. T.h. er opnan úr stærri námunni sem liggur vestar. Greinileg lagskipting árssetsins áberandi.....	15
13. mynd. T.v. má sjá aðkomuna að klettunum, skógur hylur stóran hluta klettanna. Miðju myndir sýnir þéttleika skógarins og erfitt aðgengi að klettunum. T.h. steingert far eftir trjábol.	15

Töfluskrá

1. tafla. Allir einstaklingar séðir frá talningarsvæðum í fyrri og seinni ferð.....	10
---	----

1. Inngangur

Árið 2022 var haldið áfram með samstarfsverkefni á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) og náttúrustofa landsins sem hófst árið 2020. Undanfarin tvö ár hefur áherslan verið á verndarsvæði og önnur svæði sem eru undir álagi ferðamanna eða svæða sem gætu orðið fyrir auknu álagi ferðamanna á næstunni. Sumrin 2020 og 2021 vann Náttúrustofa Austurlands (NA) ástandsmat á 17 svæðum. Árið 2022 var umfang verkefnisins stækkað og settir saman faghópar til að skilgreina lykilkætti íslenskrar náttúru óháð álagi ferðamanna. Alls voru faghóparnir fimm: vistgerðir á landi, vistgerðir í fjöru, fuglar, spendýr og jarðminjar, skipaðir af starfsfólki náttúrustofa landsins og NÍ.

Sumarið 2022 var áhersla á Austurlandi á vöktun gróðurs, fugla og jarðfræði. Alls fóru fram mælingar á 11 gróðursniðum víðsvegar um Austurland. Sex þeirra voru staðsett á Úthéraði, tvö í Álftafirði, tvö á Brúaröræfum og eitt á Vesturöræfum. Öll fuglavöktun fór fram á Úthéraði þar sem mófuglar voru taldir á níu sniðum, vatnafuglar taldir tvisvar yfir sumarið og skúmshreiður heimsótt í tvígang. Fjögur svæði voru heimsótt m.t.t. jarðminja, Klifbrekkufossar, Geitagerðisbjarg, Giljahólar og Gerpissvæðið. Engin vöktun á spendýrum eða fjöruvöktun fór fram sumarið 2022.

Gögnum var skilað í gagnagrunn NÍ og myndum ásamt lýsingu hlaðið upp í gagnagrunn NÍ í gegnum forritið *fotoWare*. Vinnufundur náttúrustofa og NÍ var haldinn í október þar sem farið var yfir framgang vöktunarsumarsins og hvað mætti betur fara í vöktun næstu ára.

Hér er lýst verkþáttum vöktunar verndarsvæða á Austurlandi sumarið 2022.

2. Verkáætlun

Samkvæmt samningi NÍ og NA sem undirritaður var þann 1. júní 2022 tók NA að sér 21 verkefni sem skiptust í vistgerðir á landi, fugla, hagamýs, jarðminjar og þjálfun í greiningu vistgerða í fjöru og á landi (1. tafla).

1. tafla. Verkáætlun vöktunarþátta á Austurlandi sumarið 2022.

Austurland 2022	Vistgerðir á landi	Fuglar	Hagamýs	Jarðminjar	Fjara
Úthérað - starungsmýravist (VL)	4				
Úthérað - tjarnastarflóavist (VL)	2				
Úthérað - vatnafuglar (VL)		1			
Úthérað - mófuglar (VL)		1			
Úthérað - skúmur (VL)		1			
Álftafjörður - sjávarfitjungsvist (VL)	1				
Álftafjörður - gulstararfitjavist (VL)	1				
Fagridalur - gulstararflóavist (VL)	1				
Vesturöræfi - rekjuvist (VL) Emerald vibót frá NÍ	1				
Vesturöræfi - rústamýravist (VL) Emerald viðbót frá NÍ	1				
Egilsstaðir - hagamús (VL)			1		
Geitagerðisbjarg - steingervingar (VL)				1	
Gerpissvæðið/Barðsneseidstöðin - steingervingar (VL)				1	
Giljahólar (VL)				1	
Klifbrekkufossar (VL)				1	
Þjálfun vistgerðir í fjöru					1
Þjálfun vistgerðir á landi	1				
Heildarfjöldi verkefna	12	3	1	4	1

3. Vistgerðir á landi

Náttúrustofan gerði gróðurmælingar á 11 sniðum sumarið 2022. Mælingarnar fóru fram í forgangs- vistgerðum á svæðum sem hafa verið tilnefnd til B-hluta náttúruminjasrár eða svæðum með verðmætar landvistgerðir. Til voru eldri gögn fyrir öll sniðin sem NÍ mældi á árunum 2012 og 2013 eða fyrr. Þar af leiðandi voru til hnit fyrir upphafspunkt í öllum sniðum og endapunkt í sumum sniðum. Gengið var í upphafshnit og 40 m langt snið lagt út í endapunkt. Vegna þeirrar skekkju sem vænta má við notkun hnita var einnig notast við gamlar ljósmyndir frá NÍ til þess að tryggja að sniðin væru lögð út á sama stað og við fyrri mælingar, eða sem næst því. Ný hnit voru tekin við upphafs- og endapunkt. Breidd sniða voru afmörkuð með járnpinnum, 5 m út frá miðlínu og yfirlitsmyndir teknar. Smáreitir voru lagðir út samkvæmt upplýsingum á stöðluðu eyðublaði frá NÍ og eyðublaðið fyllt út fyrir hvern reit. Mælingar fóru fram í sex smáreitum í hverju sniði og ljósmyndir voru teknar af öllum smáreitum. Allar æðplöntutegundir sem fundust innan smáreita voru skráðar og þekja þeirra metin samkvæmt þekjuskala Braun-Blanquet. Á sama hátt var skráð þekja ógróins yfirborðs og heildarþekja mosa og fléttna. Mæld var hæð gróðurs, jarðvegsþykkt og halli lands metinn. Þá voru jarðvegsýni tekin við fyrsta, þriðja og síðasta smáreit. Sýnin voru þurrkuð og send til NÍ í lok sumars.

3.1 Álftafjörður

Í Álftafirði voru tvö snið mæld þann 18. júlí 2022. Síðast voru þau mæld árið 2013.

HF-65-01 (Álftafjörður)

Sjávarfitjungsvist

Sjávarfitjungur fannst ekki á sniði, fannst rétt fyrir utan snið, við ströndina. Túnvingull og skriðlíngresi ríkjandi.

HF-65-02 (Álftafjörður)

Gulstararfitjavist

Mýrastör, heigulstör, marstör ríkjandi. Gulstör var heldur ekki á lista frá 2013, bara marstör.



1. mynd. Gróðursniðin tvö í Álftafirði.

3.2 Úthérað

Alls voru mæld sex gróðursnið á Úthéraði dagana 26.-27. júlí og 9.-10. ágúst 2022. Öll sniðin voru síðast mæld árið 2012.

AL-24-03 (Úthérað)

Starungsmýravist -> **NÝTT: Runnamýravist á láglendi**
Smá bras við að setja snið út, ónákvæmt hnit, tókst með hjálp ljósmynda. Runnamýravist passar betur en starungsmýravist. Mýrastör, fjalldrapi, gul/loðvíðir, kræki/bláberjalyng ríkjandi.



2. mynd. Gróðursnið á Úthéraði.

AL-42-04 (Úthérað)

Starungsmýravist
Tvö hross og hópur kvíga voru mjög glöð að fá okkur í heimsókn og skemmtu sér við að toga í málbandið. Mýrastör, klóffía og grös ríkjandi.



AL-43-01 (Úthérað)

Starungsmýravist
Smá labb (aflagður slóði) og mjög blautt (jarðvegssýni mjög lítið, þrátt fyrir margar tilraunir tókst bara einu sinni að ná sýni). Mýrastör ríkjandi.



3. mynd. Gróðursnið á Úthéraði.

AL-40-03 (Úthérað)

Tjarnastararflóavist
Mjög lítið jarðvegssýni vegna bleytu. Tjarnastör, vetrarkvíðastör og klóffía ríkjandi.



AL-10-01 (Úthérað, jaðar)

Starungsmýravist

Bara eitt hnit en mögulegt að sjá ca. legu sniðs á ljósmyndum.

Mýrastör og reygresi ríkjandi, en talsvert af snarrótarpunti líka (lenti ekki innan ramma).




4. mynd. Gróðursnið á Úthéraði.

AL-40-01 (Úthérað)

Tjarnastararflóavist

Tjarnastör, gulstör og vetrarkvíðastör ríkjandi.



3.3 Vesturöræfi, Sauðárrani og Fagridalur

Þrjú gróðursnið á hálendi voru mæld dagana 8.-9. ágúst 2022. Eitt snið á Vesturöræfum, annað í Sauðárrana (Brúaröræfi) og þriðja í Fagradal (Brúaröræfi). Sniðið á Vesturöræfum var síðast mælt árið 1999, sniðið í Sauðárrana árið 2000 og í Fagridal 2004.

KSM17 (Vesturöræfi)

Rekjuvist -> (rekjuvist gæti passað – Gæti líka verið starmóavist.)

Var 200 m snið, við lögðum frá 0 punkti og í átt að miðjupunkti, snið fór yfir smá læk en enginn rammi þar. Stinnastör ríkjandi, mikil mosabekja.



U16 (Sauðárrani, rétt utan Kringilsárrana)

Rústamýravist -> (Mögulega passar rekjuvist eða starmóavist betur.)

Var líka 200 m snið. Snið mjög nálægt Háslóni. Stinnastör og jarðlægur fjallavíðir ríkjandi.



5. mynd. Gróðursnið á Vesturöræfum og í Sauðárrana.

FV01-1 (Fagridalur)

Gulstararflóavist -> **NÝTT: Lyngmóavist á hálendi**

Land miklu þurrara en myndir frá 2004 benda til (sjá mynd t.v.). Gróður bitinn.

Bara eitt hnit og erfitt að átta sig á legu sniðs á myndum. Eftir nánari athugun á ljósmyndum er greinilegt að hnitíð er á röngum stað.



6. mynd. T.v. er mynd tekin í Fagradal árið 2004 og t.h. mynd tekin sumarið 2022. Þegar ljósmyndir eru skoðaðar nánar sést að staðsetning sniðsins er ekki sú sama og því ljóst að hnitíð er á röngum stað.

4. Fuglar

4.1 Mófuglar

Punktalningar á mófuglum fóru fram einu sinni á níu sniðum á Úthéraði dagana 12.-15. júní 2022. Náttúrustofan hefur talið mófugla í punktalingum í fimm sniðum á Úthéraði árlega frá árinu 2009 og bættust þannig fjögur ný snið sumarið 2022 við fyrri vöktun. Viðbótarsniðin fjögur höfðu þó öll verið talin áður á einhverjum tímamarki árin 2012-2014, sem hluti af NATURA verkefni Náttúrufræðistofnunnar. Gengið var á milli punkta og talið á hverjum punkti í nákvæmlega 5 mínútur. Allir fuglar sem sáust innan 200 m fjarlægðar voru taldir og skráðir á eyðublað. Fjarlægð í hvern fugl var mæld með fjarlægðarmæli og var atferli fuglsins einnig skráð til að meta hvort um varpfugl væri að ræða. Fimm tegundir skáru sig út hvað varðar algengi; spói, hrossagaukur, lóupræll, stelkur og heiðlóa. Í einhverjum tilfellum þurfti að hnika til punkti ef hann lenti til dæmis í vatni, mýri eða öðru sem hamlaði aðgengi í þá.

4.2 Vatnafuglar

Vatnafuglar voru taldir tvisvar sinnum á og við aðgengileg vötn, tjarnir, ár og vatnasvið á Úthéraði. Fyrri ferð var farin 30. maí 2022 til að meta fjölda varpfugla og seinni ferð þann 5. ágúst 2022 til að meta ungaframleiðslu. Alls sáust 26 tegundir og var grágæs algengasta tegundin sem sást í báðum ferðum. Í fyrri ferð sáust alls 263 einstaklingar en 653 einstaklingar í seinni ferð, þ.a. voru grágæsir um helmingur fuglanna sem sáust. Tegundirnar voru misalgengar og þar af leiðandi einstaklingsfjöldi misjafn milli athugana enda sýnileiki breytilegur. Í töflu að neðan sést munur á milli athugunarferða (2. tafla). Í seinni ferðinni var greint á milli ungfugla og eldri einstaklinga og í grófum dráttum reyndust ungar vera um 30% af töldum fuglum. Fuglar voru taldir og greindir á 29 stöðum í báðum ferðum.

2. tafla. Allir einstaklingar séðir frá talningarsvæðum í fyrri og seinni ferð.

Tegund	Fjöldi	Fjöldi
	30.5.2022	5.8.2022
Æður	5	0
Álft	45	96
Bleshæna	1	0
Duggönd	1	0
Flórgoði	26	32
Grágæs	54	321
Hávella	6	5
Himbrimi	4	11
Jaðrakan	0	6
Kjóí	1	6
Kría	11	0
Lómur	26	6
Óðinshani	10	0
Grafönd	2	14
Rauðhöfði	8	57
Rjúpa	1	0
Sílamáfur	1	3
Skúfönd	42	68
Spói	0	1
Stelkur	0	7
Stokkönd	5	0
Stormmáfur	1	0
Tjaldur	1	0
Toppönd	6	17
Urtönd	6	3
Lómur	26	6
26 tegundir	263	653

Þar sem um var að ræða fyrstu yfirferð í þessu verkefni bíður frekari túlkun betri tíma.

4.3 Skúmur

Farnar voru tvær ferðir til að meta varpárangur skúma í Húsey á Úthéraði. Fyrri heimsókn fór fram þann 9. júní 2022 þar sem gengið var um varpsvæðið í Húsey, skúmshreiður hnitsett og fjöldi eggja skráður. Alls fundust 44 virk hreiður á svæðinu. Af þeim voru 35 hreiður (80%) með tveimur eggjum og 9 hreiður (20%) með einu egg. Meðalfjöldi eggja var því 1,8. Tvö hreiður til viðbótar fundust í seinni heimsókninni á varpsvæðið. Hlutsýni af eggjum var mælt, lengd, breidd og þyngd og þannig spáð fyrir um klakdagsetningu eggja út frá eðlismassa. Hámark klaks, þ.e. þegar meira en helmingur eggja er klakinn var þannig metinn um 1. júlí og miðað við verkáætlun var stefnt að því að seinni heimsókn færi fram um hálfum mánuði seinna.

Ungar voru því taldir þann 15. júlí 2022. Þá voru ungar í 28 hreiðrum, enn voru egg í fjórum hreiðrum og að auki fundust tveir dauðir ungar. Alls fundust 23 ungar í eða nálægt þekktum hreiðrum og níu ungar til viðbótar fundust á milli nokkurra hreiðra og ekki hægt að segja með vissu hvaða hreiðri þeir tilheyrðu. Í heildina fundust 32 ungar á varpsvæðinu í Húsey úr 46 hreiðrum. Þannig reiknast varpárangur 0.7 ungar per hreiður. Þess ber einnig að geta að yfir sumarið fundust rúmlega 30 dauðir

skúmar í og við varpið en það er algjör lágmarkstala. Sýni send inn til MAST til greininga staðfestu að fuglaflensa hafi geysað á svæðinu (sjá frekari upplýsingar á vef MAST, mast.is).



7. mynd. Staðsetning skúmshreiðra í Húsey á Úthéraði flokkað eftir fjölda eggja.

5. Jarðminjar

5.1 Klifbrekkufossar

Þann 21. júlí 2022 var unnin forkönnun við Klifbrekkufossa ásamt því sem skemmdir við fossinn voru skráðar. Fossarnir eru vinsæll áningarstaður í botni Mjóafjarðar sem samanstendur af mörgum minni fossum sem saman mynda glæsilega fossaröð. Fossarnir eru á lista yfir aðrar náttúruminjar og tilheyra svæði númer 610. Þegar vettvangsathugun fór fram var nýlega búið að bera efni í smá útskot frá veginum sem rúmaði tvo bíla. Það var þó ekki nógu stórt miðað við þann fjölda sem heimsækir svæðið því á meðan vettvangsathugun fór fram voru átta bílar á tímabili lagðir í vegkantinum. Fjöldmargir slóðar höfðu myndast frá veginum og í átt að fossinum (8. mynd. Mynd). Mjög sóðaleg umgengni var við bílastæðið, mikið um rusl og klósettpappír og mikið af óþörfum hliðarstígum.



8. mynd. Mynd tekin frá neðsta fossinum út eftir firðinum. Hér sjást allavega fjórir mismunandi slóðar liggja frá veginum og í átt að fossinum.

Göngustígur liggur upp með allri fossaröðinni í miklum bratta og var gróðurhulan þar víða alveg horfin (9. mynd). Fæstir virðast láta sér nægja að ganga upp að neðsta fossinum og velja því að klöngrast áleiðis upp brattan. Í svona miklum bratta fer jarðvegurinn fljótt af stað niður hliðina þegar gróðurhulan er rofin og stígurinn verður sleipur. Því var erfitt að fóta sig í stígnum og oftast auðveldara að fóta sig í gróðrinum heldur en í efnislitlum stígnum. Þar af leiðandi hafa margir hliðarstígar myndast þar sem ferðamenn reyna að finna heppilegustu leiðina upp.



9. mynd. T.v. Útsýnissvæðið við neðsta fossinn. T.h. sést glitta í ferðamenn fyrir miðri mynd sem eru að klöngrast upp klettana á röngum stað. Gönguleiðin liggur út með klettunum hægra megin.

5.2 Gerpissvæðið

Gerpissvæðið var friðlýst sem landslagsverndarsvæði árið 2021 m.a. vegna merkilegra plöntu- steingervinga. Steingervingar voru skoðaðir á tveimur stöðum á Gerpissvæðinu dagana 22. og 23. ágúst 2022. Keyrt var í Viðfjörð og byrjað á því að ganga að Rauðubjörgum og steingervinga leitað þar. Rétt sunnan við Rauðubjörg fundust líklegast steinrunnir trjábútar í gjóskulögum. Áfram var gengið um Mónesskarð og niður í fjöru við Mónes. Þar var fjaran þrædd til norðurs uns komið var að ljósri skriðu sem innihélt töluvert magn af koluðum trjábolum (10. mynd). Samkvæmt staðkunnugum er alltaf meira af steingervingum að koma í ljós í skriðunni. Gengið var áleiðis til baka í Viðfjörð og tjaldbúðum slegið upp um 10 leitið. Komið var aftur í bíl rétt eftir hádegi þann 23. ágúst.



10. mynd. Fylgst með Austfjarðapokunni nálgast á Mónesi. Á efri mynd t.h. má sjá kolaða trjáboli. Göngustafurinn er 90cm á hæð. Á neðri mynd t.h. má sjá þversnið af koluðum trjából.

Upphaflega stóð til að skoða einnig fundarstað steingerðra barnnála í Einstakafjalli. Sá staður liggur í mjög miklum bratta og einu heimildirnar sem til eru um þann fundarstað eru úr grein George P.L. Walker frá árinu 1957. Þar er þeim fundarstað lýst og er hann staðsettur fyrir miðju í um 270 m þykkri hraunlagasyrpu. M.v. þann tíma sem áætlaður var til jarðfræðirannsókna á Gerpissvæði samkvæmt verkáætlun var ljóst að ekki væri tími til að leita steingervinga í Einstakafjalli í þessari umferð. Æskilegt væri að skilgreina nægjanlegan tíma fyrir verkefnið sumarið 2023, en staðkunnugir sem leitað var til könnuðust ekki við þennan fundarstað steingervinga.

5.3 Giljahólar

Við Giljahóla var unnin forkönnun þann 16. september 2022. Upphaflega stóð til að kortleggja svæðið með dróna en eftir nánari athugun kom í ljós að svæðið er rúmir 220 hektarar á stærð og því hætt við það. Áætlað er að nýta hreindýraflug til að ná nýrri yfirlitsmynd af svæðinu árið 2023. Giljahólar eru svæðið milli Garðár og Sandár, innan við bæinn Gil, frá dalbotni og upp í um 220 m hæð (11. mynd). Svæðið er á lista yfir aðrar náttúruminjar númer 642.



11. mynd. Staðsetning Giljahóla milli Sandá og Garðá. Rauðu punktarnir sýna staðsetningar á námunum tveim.

Keyrt var eftir Hnefilsdalsafleggjara að Sandá og gengið áleiðis upp með Sandá og upp á hólabyrpinguna í von um að sjá aðeins yfir svæðið. Hólarnir voru ávalir og sléttir og allt laust efni voru ávalir smásteinar eða steinar. Á tveimur stöðum hefur verið tekið efni úr hólunum sem hefur raskað ásýnd þeirra. Töluvert af efni hafði verið fjarlægð og eru þess háttar framkvæmdir líklegast ein helsta ógn hólanna. Báðar námurnar sjást greinilega á loftmynd (sjá 11. mynd). Það virtist þó langt síðan efni í miklu magni hafði verið tekið úr námunni vestar (nær Sandá) því sárið framan við námumunnann var orðið vel gróið. Inni í námunni blasti við falleg opna í jarðlagastaflanum með lagskiptu árseti (12. mynd). Náman sem lá austar (nær Garðá) var minni en akvegur lá alla leið inn í hana og virðist sem hún sé enn í notkun. Rafmagnslínur liggja um hólana vestar og greinileg ný ummerki um að jörðin hafi verið plægð í hólunum við veginn. Þó að Giljahólarnir séu stórt og umfangsmikið svæði þá eru víða greinileg ummerki eftir manninn.



12. mynd. T.v. akvegur inn í minni námuna sem liggur austar og rafmagnslínur sem liggja yfir hólana. T.h. er opnan úr stærri námunni sem liggur vestar. Greinileg lagskipting árssetsins áberandi.

5.4 Geitagerðisbjarg

Geitagerðisbjarg var heimsótt í framhaldi af heimsókn að Giljahólum þann 16. september 2022. Keyrt var inn Fljótsdalinn að bænum Geitagerði og bíllinn skilinn eftir. Geitagerðisbjarg er á skrá yfir aðrar náttúruminjar númer 644 m.a. vegna þess að þar finnast steingerð för eftir trjáboli. Við klettana er skógur orðinn víða mjög þéttur og hylur neðsta hlut þeirra. Þar af leiðandi var aðgengi til að skoða trjábolafer frekar erfitt. Eftir klöngur um klettana sáust steingerð för eftir trjáboli inn á milli trjána. Líklega er svæðið farið að vernda sig sjálft með svona þéttum skógi.



13. mynd. T.v. má sjá aðkomuna að klettunum, skógur hylur stóran hluta klettanna. Miðju myndir sýnir þéttleika skógarins og erfitt aðgengi að klettunum. T.h. steingert far eftir trjából.

6. Hagamýs

Til stóð að hefja vöktun á hagamúsum á Héraði haustið 2022, en vegna misskilnings við pöntun á músagildrum gekk það ekki eftir. Nokkur tími fór þó í skilgreiningu og hönnun aðferða í samstarfi við NÍ auk þess sem vettvangsvinna var undirbúin með vali á svæðum áður en ljóst var að músagildrur myndu ekki berast í tæka tíð. Gert er ráð fyrir að verkið hefjist haustið 2023 í staðinn.

7. Þjálfun í greiningu vistgerða

Þjálfun fyrir starfsfólk náttúrustofa í greiningu vistgerða á landi fór fram í byrjun júní í húsakynnum NÍ í Garðabæ undir handleiðslu Rannveigar Thoroddsen. Fjórir starfsmenn NA tóku þátt: Erlín Emma Jóhannsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Kristín Ágústsdóttir og Margrét Gísladóttir.

Þjálfun fyrir starfsfólk í greiningu vistgerða í fjörum fór fram í lok ágúst í Sandgerði undir handleiðslu Sunnu Bjarkar Ragnarsdóttur og Sindra Gíslasonar. Tveir starfsmenn NA tóku þátt: Erlín Emma Jóhannsdóttir og Fríða Jóhannesdóttir.

8. Framkvæmd og tímaáætlun verkefna

Verkefni um vöktun verndarsvæða á Austurlandi sumarið 2022 sem hér hefur verið gerð grein fyrir gekk vel og var í takt við verkáætlun ef frá var talin vöktun á hagamúsum. Áætlun um tíma til einstakra verkefna var mjög misjafnlega heppnuð. Tímaáætlun fyrir gróðursnið gekk nokkuð eftir, en áætlun vegna úttekta á steingervingum í Barðsnesi var vanáætluð. Þá gekk áætlun fyrir fuglarannsóknir að mestu eftir fyrir mófugla og vatnafugla talningar en var allt of knappur fyrir tvær skúma heimsóknir auk þess sem að tvær heimsóknir duga illa til að meta varpárangur. Bjargfuglar voru taldir í Papey og Skrúð og var þeim gögnum skilað inn á Excel formi til NÍ. Ekki var ljóst frá upphafi að sá verkþáttur myndi falla undir þetta verkefni.

NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Bakkavegi 5 • 740 Neskaupstaður • Sími 477-1774 • Netfang: na@na.is

Tjarnarbraut 39B • 700 Egilsstaðir • Sími: 471-2813 og 471-2774 • Veffang: www.na.is